

1861.

1. júnim.

697 rd. 56 sk., sem íbúar Skaptafellssýslu og Rangárvallasýslu höfðu greitt árin 1857 og 1858 til fjárvarða vegna fjárkláðans, þá hefir alþingi sent stjórninni þegnlega bænarskrá um, að þetta fæ verði sem fyrst endurgoldið hlutaðeigendum. En um þetta efni skal þess getið, að alþingi hefði ekki átt að taka málefni þetta til umræðu, því eptir tilskipun 8. marzm. 1843, 77. gr., á alþingi ekki að gefa gaum bænum og umkvörtunum einstakra manna, og undantekning sú, sem gjörð er frá tæðri ákvörðun í 2. lið greinarinnar, getur ekki átt við þegar eins stendur á og hér er; því ekki getur verið umtalsmál, að með þessu hafi verið óréttur gjör einstökum mönnum, og þarf ekki að leiða önnur rök að því, en að ráðstafanir þær, sem varið var til því fæ sem amtmaður hefir neitað að endurgjalda, voru sumpart gjörðar án hans samþykkis og sumpart jafnvel eptir að hann var búinn að lýsa því yfir, að þess væri eigi að vænta, að kostnaðurinn yrði endurgoldinn. Samkvæmt því, sem ákveðið er í 4. lið í þeirri grein alþingistilskipunarinnar, sem að ofan er nefnd, hefði því þingið átt að skjóta málinu frá sér til úrlausnar hlutaðeigandi yfirvalds.

Til staðfestingar allramildilegustum úrskurðum Vorum, þeim er nú hefir verið getið, höfum Vör sent yður þessa auglýsing Vora, og heitum voru trúá alþingi hylli Vorri og konunglegri mildi.

Gefið í Skoðsborg, 1. dag júnímánaðar 1861.

22. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa Ólafi Guðmundssyni á Einarsnesi til að kaupa prjónavefstað. 1. júnim.

Samkvæmt þegnlegum tillögum innanríkisstjórnarinnar hefir hans hátign konungurinn allramildilegast veitt Ólafi bónda Guðmundssyni á Einarsnesi í Mýrasýslu 230 ríkisdala styrk til að útvega sér fyrir prjónavefstað, þó með því skilyrði, að hann

1861. skuldbindi sig til að kenna mönnum á Íslandi ókeypis prjóna-
 1. júnim. vefnað, og gefa hverjum þar, sem þess æskir, kost á að sjá
 vefstaðinn og smíða eptir honum.

Með því Ólafur Guðmundsson hefir sent amtmanninum yfir
 vesturumdæminu, en hann aptur dómsmálastjórninni, skuldbind-
 ing sína í þessu efni, ritaða með eigin hendi, og þar að
 auki farið þess á leit, að vefstaðurinn yrði sendur til Reykja-
 víkur, þá er yður með bréfi þessu sendur prjónavefstaður þessi,
 gjörður úr járni, og annað það, er til hans heyrir; er hann í
 kassa, sem er auðkenndur O. G., og fylgja einnig 3 fótstykki úr
 eik, auðkennd á sama hátt; eruð þér beðnir að sjá um, að Ólafur
 Guðmundsson fái vefstaðinn, og að hingað verði send játning
 hans um það.

Því skal við bætt, að amtmanninum yfir vesturumdæminu
 hefir í dag verið ritað um, að vefstaðurinn sé sendur með
 póstskipinu.

1. júnim. **23. Bréf dómsmálastjórnarinnar til konungsfulltrúa á
 alþingi, um dönsk lagaboð.**

Með bréfi þessu sendir dómsmálastjórnin yður, herra amt-
 maður, sem konungsfulltrúa á alþingi, þau almennu lagaboð m.
 m., er út hafa komið fyrir konungsríkið Danmörk árin 1859 og
 1860, til þess alþingi geti gefizt kostur á að íhuga, að hve
 miklu leyti virðist við eiga, að þau sæu lögleidd á Íslandi, og
 skal þess getið, að stjórninni ekki hefir þótt ástæða til að leggja
 neitt af lagaboðum þessum fyrir þingið sem frumvarp samkvæmt
 konungsúrskurði 4. janúarm. þ. á. 1, að minnsta kosti ekki nú
 sem stendur.

1) Sjá kgl. anglýsing til alþingis 1. júnim. 1861. I.